

Fundur í hreppsnefnd Akrahrepps haldinn í Héðinsminni 22. október 2018

Allir mættir.

## **1. mál: Lögreglusamþykkt fyrir sveitarfélög á Norðurlandi vestra.**

Hreppsnefnd samþykkir hana með þeim fyrirvara að það skerði ekki möguleika þeirra sem starfa sinna vegna þurfa að aka á vélknúnum ökutækjum um takmarkaðan hluta reiðvegarins til þess að komast um eignalönd sín eða sinna atvinnu sinni.

## **2. mál: Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar**

Fundargerð byggingar- og skipulagsnefndar 21. september 2018

1. Flugumýrarhvammur - umsókn um byggingarleyfi.
2. Stóru-Akrar II land - umsókn um byggingarleyfi.
3. Kringlumýri - umsókn um landskipti.

Fundargerðin samþykkt, hver liður fyrir sig.

## **3. mál: Málefni Varmahlíðarskóla og leikskólans Birkilundar**

Gunnar Gíslason frá Starfsgæði e.h.f. á Akureyri hefur verið fenginn til að taka út rekstur á öllum skólum í Skagafirði frá faglegu og rekstrarlegu sjónarmiði. Akrahreppur tekur þátt í kostnaði vegna skólanna í Varmahlíð.

## **4. mál: Skipað í nefndir á vegum SSNV.**

Samgöngu- og innviðanefnd fyrir Norðurland vestra:

Drífa Árnadóttir aðalmaður  
Eybór Einarsson varamaður

Þjónusturáð um þjónustu við fatlaða:

Einar Gunnarsson

## **5. mál: Íbúáþing**

Rætt um íbúáþing 3. nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

*Drífa Árnadóttir, Einar Gunnarsson, Eybór Einarsson, Hrefna Jóhannesdóttir, Þorkell Gíslason*